

ENDURFUNDIR

*Fornleifarannsóknir styrktar af
Kristnihátíðarsjóði 2001–2005*

Ritstjórar

Guðmundur Ólafsson
Steinunn Kristjánsdóttir



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Reykjavík 2009

Endurfundir

Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001–2005

Rit Þjóðminjasafns Íslands 19

Ritnefnd

Anna Guðný Ásgeirsdóttir

Anna Lía Rúnarsdóttir

Anna Soffía Hauksdóttir

Bryndís Sverrisdóttir

Margrét Hallgrímsdóttir

Ritstjórar

Guðmundur Ólafsson

Steinunn Kristjánsdóttir

Reykjavík 2009

© Texti: Þjóðminjasafn Íslands og höfundar

© Myndir: Þjóðminjasafn Íslands og handhafar höfundaréttar

Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd: Hringnæla frá Reykholti, ljósmynd Jónas Hallgrímsson

Hönnun kápu og umbrot: Sigrún Sigvaldadóttir

Prentvinnsla: Oddi

Letur í meginmáli: Palatino 9,5 p

Prófarkalestur: Gróa Finnsdóttir, Guðrún Harðardóttir og Jón Torfason

ISSN 1680-3183

ISBN 978-9979-790-25-9

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit

	bls.
Formáli	6
<i>Margrét Hallgrímsdóttir</i>	
Endurfundir	9
<i>Pétur Gunnarsson</i>	
Ekki í kot vísað	16
<i>Ragnheiður Traustadóttir</i>	
Fólkið í Keldudal	30
<i>Guðný Zoëga</i>	
„Ora et labora“	44
Efnisveruleiki klausturlífs á Kirkjubæjarklaustri	
<i>Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson</i>	
Kirkjur Reykholts	58
- byggingasaga	
<i>Guðrún Sveinbjarnardóttir</i>	
Húsin í Skálholti	70
<i>Mjöll Snæsdóttir</i>	
Kanúkaklaustrið að Skriðu í Fljótsdal	80
- heimsmynd alþjóðlegrar kirkju í íslenskum dal	
<i>Steinunn Kristjánsdóttir</i>	
Forvarsla jarðfundinna gripa	96
<i>Graham Langford, Halldóra Ásgeirsdóttir og Nathalie Jacqueminet</i>	
Abstracts	113

*Steinunn Kristjánsdóttir
Fil. dr. í fornleifafræði.
Lektor í fornleifafræði við
Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn.
Verkefnisstjóri Skriðuklaustursrannsókna.*

KANÚKAKLAUSTRID AÐ SKRIÐU Í FLJÓTSDAL

– heimsmynd kaþólskrar kirkju í íslenskum dal

Klaustur var stofnað á bænum Skriðu í Fljótsdal um 1493 fyrir tilstilli Stefáns Jónssonar biskups í Skálholti (1491–1518) eftir að Cecilía Þorsteinsdóttir gaf jörð sína í því skyni. Jörðina gaf hún til friðþægingar sjö börnum sínum.¹ Skriðuklaustur tilheyrði reglu heilags Ágústínusar og var rekið í tæpa sex áratugi, eða þar til það var lagt af um siðaskiptin eins og öll önnur kaþólsk klaustur á Íslandi. Það var helgað Maríu mey og hinu helga blóði Jesú Krists. Það varð snemma auðugt og skapaði sér sömuleiðis fljótt fastan sess í íslensku miðaldasamfélagi.² Nafnið Skriðuklaustur lifði eftir siðaskiptin en allt annað gleymdist og týndist.

Sr. Heimir Steinsson vakti Skriðuklaustur af dvala með rannsókn sinni á skjölum því tengdu og skrifaði ritgerð til embættisprófs í guðfræði árið 1965. Fornleifarannsókn hófst síðan á rústum þess árið 2002 en markviss leit var gerð að þeim í tengslum við hana. Í greininni verður sagt frá þessari leit og hvað fornleifarannsóknin hefur leitt í ljós um klausturbygginguna sjálfa, svo og hvað fór fram innan veggja hennar. Eins verður greint frá því hvaða upplýsingar skjölin og fornleifarnar veita um klausturlíf almennt á Íslandi, kaþólsku kirkjuna og íslenskt þjóðfélag á síðmiðöldum. Gert verður ráð fyrir því að trúarhugmyndir kaþólsku kirkjunnar hafi mótað sameiginlega heimsmynd klaustranna. Þau tilheyrðu alþjóðlegri stofnun án landfræðilegra landamæra en aðlöguðust samfélögunum á hverjum stað. Líta má þess vegna á klaustrið á Skriðu sem nýlendu kaþólskrar trúar og menningar, sem náði tímabundið fótfestu í íslenskum dal á miðöldum.³

Undirbúningur fornleifarannsóknar á Skriðu

Leitin að rústum Skriðuklausturs stóð í tvær vikur árið 2000 en hún fór fram fyrir fjárframlög úr Rannís og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri greiddi auk þess kostnað vegna jarðsjármælinga sem gerðar voru. Við leitina kom í ljós að rústirnar voru vel varðveittar og afar aðgengilegar til rannsókna. Stofnun Kristnihátíðarsjóðs gerði síðan fornleifarannsókn á þeim mögulega og veitt voru fjárframlög úr sjóðnum til hennar um fimm ára skeið.

Áður en leitin hófst var búið að safna upplýsingum um klaustrið úr rituðum og munnlegum heimildum, auk þess sem stuðst var við ritgerð sr. Heimis. Við vett-



vangsvinnuna voru líkleg svæði á staðnum könnuð með jarðsjánni og síðan teknir könnunarskurðir á þeim.

Skemmst er frá því að segja að rituðu heimildirnar gáfu mjög takmarkaðar upplýsingar um klausturbygginguna sjálfa eða hvar hún var í landi Skriðu og segja lítið um starfsemina innan veggja klaustursins. Skjölin varða einkum efnahag klaustursins sjálfs. Engar heimildanna lýsa byggingum klaustursins eða staðsetningu. Munnlegar heimildir voru hins vegar til um að klausturkirkjan hefði staðið á svokölluðu Kirkjutúni um 150 metrum neðan við bæjarstæðið á Skriðu.

Klausturkirkjan var notuð áfram eftir að klausturlífnaður lagðist þar af um siðaskiptin en klausturhúsum ekki haldið við. Fram kemur í heimildum að þau hafi verið látin falla án þess að frekari nýtingar sé getið. Klausturkirkjan virðist annars hafa verið í talsverði niðurníðslu eftir siðaskiptin, því ný minni kirkja var reist á grunni hennar um árið 1670.⁴ Um leið var kirkjugarðsveggur reistur í kringum hana og grafreitinn sem fylgdi. Skriðukirkja var síðan ekki lögð af fyrr en 1792 og sást enn vel móta fyrir rúst hennar og kirkjugarðsveggnum á Kirkjutúninu þegar klaustursins var leitað árið 2000. Þessar rústir voru friðlýstar árið 1988.⁵

Klausturbyggingarnar sjálfar hurfu í jörðu og voru með öllu gleymdar um aldamótin 1900 þegar Daniel Bruun kom við á Skriðu í rannsóknarleiðangri sínum um Austurland. Uppdráttur, sem hann gerði þá, sýnir aðeins rúst kirkjunnar og kirkjugarðsveggisins á Kirkjutúninu.⁶ Á loftmynd sem tekin var af jörðinni Skriðu árið 1955 sjást þessar rústir vel (mynd 1).

Mynd 1. Loftmynd af jörðinni Skriðu í Fljótsdal (birt með leyfi Landmælinga Íslands. Kort nr. O-1613. 1955).

¹ Margrét Gestsdóttir, 2008, bls. 31, 37–38.

² Heimir Steinsson, 1965, bls. 9; Skúli Björn Gunnarsson, 2008, bls. 14.

³ Höfundur vill þakka Gísli Kristjánssyni sagnfræðingi fyrir gagnlegar athugasemdir við gerð greinarinnar.

⁴ Heimir Steinsson, 1965, bls. 44, 61.

⁵ Fornleifaskrá, 1990, bls. 56.

⁶ Bruun, 1974, bls. 163.

Þegar Bruun kannaði fornminjarnar á Skriðuklaustri gekk hann út frá því að klaustrið hefði staðið á bæjarstæðinu sjálfu, líkt og löngum hefur verið álitid um önnur miðaldaklaustur hérlandis. Hann taldi að göng hefðu þá legið á milli kirkjunnar á Kirkjutúninu og bæjarstæðisins vegna þeirrar ófrávíkjanlegu reglu að kirkjan væri alltaf hluti klausturhúsanna. Í gegnum þessi göng hefðu klausturhúsin getað tengst klausturkirkjunni og taldi hann sig sjá móta fyrir þeim á staðnum.⁷



Mynd 2. Gjóskulög eru mjög skýr á rannsóknarsvæðinu á Skriðu. Myndin sýnir snið sem tekið var þar (mynd: Skriðuklaustursrannsóknir).

Engin merki um göng sjást þar í dag. Kenning Bruun er óneitanlega skemmtileg en það sem gerir hana ótrúverðuga er klettabelti sem liggur á milli Kirkjutúnsins og bæjarstæðisins á Skriðu. Það hefur þess vegna verið ómögulegt að gera göng þar á milli.

Kirkjan er, líkt og Bruun benti á, undantekningarlaust mikilvægasta bygging allra klaustra en innangengt þurfti að vera á milli hennar og klausturhúsanna. Af þessari ástæðu mátti frekar gera ráð fyrir að klaustrið sjálft hefði staðið nærri þeim stað sem áður nefnd kirkja hafði staðið. Var svæðið í kringum hana þess vegna valið til forkönnunar þegar leitin að rústum klaustursins stóð yfir. Rústanna var einnig leitað á gamla bæjarstæðinu á Skriðu.

Fljótlega eftir að forkönnunin hófst kom í ljós að búið hafði verið á Skriðubænum að líkindum allt frá því á landnámsöld. Þar voru merki um fjölþætt umsvif um mjög langan tíma. Sérstaka athygli vöktu aftur á móti miklar byggingaleifar á Kirkjutúninu sjálfu við hlið kirkjurústarinnar. Ekki var vitað til þess að þar hefðu aðrar byggingar staðið en áður nefnd kirkja og kirkjugarðsveggur. Í ljós kom að rétt

undir grasrótinni voru leifar áður óþekktra bygginga sem náðu yfir a.m.k. 1300 fermetra stórt svæði og lágu þær að kirkjurústinni. Þær voru frá ætluðum klausturtíma, 1493–1554. Stuðst var við gjóskulagatímatalið við aldursgreiningar á þeim en mjög skýrt gjóskulag er þarna úr gosi sem varð á Veiðivatnasvæðinu í Vatnajökli árið 1477, tæpum tveimur áratugum áður en klaustrið var stofnað (mynd 2).⁸



Mynd 3. Hellulagður gangur austast í byggingu Skriðuklausturs. Klaustrið var allt byggt úr torfi, grjóti og rekaviði (mynd: Skriðuklaustursrannsóknir).

Fornleifarannsóknir á klaustrum á Íslandi

Til skamms tíma hafa rannsóknir á byggingum og starfsemi íslenskra klastra einskorðast við ritaðar og munnlegar heimildir. Síðar hafa fornleifarannsóknir bæst við og varpað nýju ljósi á byggingar og rekstur þeirra hérlendis. Uppgröftur á rústum í Viðey hófst árið 1987⁹ en á Kirkjubæjarklaustri¹⁰ og Skriðuklaustri árið 2002.

Rústasvæðin í Viðey og Kirkjubæ hafa reynst erfið til byggingasögulegrar túlkunar vegna langrar búsetu á klausturstæðunum. Þar eru leifar bygginga eftir síbreytilega búsetu sem nær yfir umsvif hefðbundinna býla, klastra og höfðingjasetra. Því hefur þurft að grafa í gegnum rústir yngri bygginga áður en komið er niður á minjar frá klausturtíma. Á báðum stöðunum raska yngri minjar þess vegna klausturrústunum. Engu að síður hafa rústabrotin, sem grafin hafa verið upp í Viðey og á Kirkjubæ og talin eru vera frá klausturtíma, þótt benda til þess að byggingar klastranna hafi haft ferningslaga grunnform líkt og þekkt er frá klaustrum erlendis.¹¹

⁷ Bruun, 1974, bls. 164.

⁸ Magnús Sigurgeirsson, 2003, bls. 1.

⁹ Margrét Hallgrímsdóttir, 1993.

¹⁰ Sjá grein Kristjáns Mímissonar og Bjarna F. Einarssonar í þessu riti.

¹¹ Margrét Hallgrímsdóttir, 1993; Steinunn Kristjánsdóttir, 1994, bls. 46; sjá grein Kristjáns Mímissonar og Bjarna F. Einarssonar í þessu riti.

Aðstæður til rannsókna eru aðrar á Skriðuklaustri, því þar voru ekki reistar byggingar á grunni klausturhúsanna sjálfra eftir að klausturhaldi lauk á staðnum. Aðeins kirkjan var endurreist. Rústir klaustursins hafa þess vegna varðveist nánast óraskaðar í jörðu í yfir 400 ár. Að loknum sjö sumrum við uppgröft á þeim má vel greina stóran hluta grunnforms bygginga þess, svo og minjar eftir margþætta starfsemi þeirra sem þar höfðust við og bjuggu. Rannsóknum á staðnum er þó langt í frá lokið, því enn hefur austasti og syðsti hluti rústasvæðisins ekki verið grafinn fram þegar þetta er skrifað. Ýmsum greiningum er einnig ólokið miðað við áætlun rannsóknarinnar sem nær til ársins 2012.


Ljóst er að alþjóðlegri hefð var fylgt við byggingu klaustursins en grunnform þess ber svipmót annarra klausturbygginga utan Íslands, þrátt fyrir að hafa verið byggt úr innlendum efniviði, þ.e. torfi, grjóti og rekaviði (mynd 3). Það hefur einnig verið búið heimagerðum gripum og áhöldum, auk innfluttra víða að. Eins má skýrt greina að hlutverk þess hefur samrýmst alþjóðlegum reglum kaþólsku kirkjunnar en þær miðuðu fyrst og fremst að kristilegri tilbeiðslu, garðyrkju, lækningum og þjónustu við sjúka og aldraða.¹²

Fyrirmynd klaustra

Bygging Skriðuklausturs fylgir í grunninn sama formi og önnur Benediktína- og Ágústínusarklaustur gerðu um allan heim. Grunnteikning þeirra er talin frá fyrri hluta 9. aldar og er elsta afritið af henni varðveitt í St. Gallen klaustrinu í St. Gallen Sviss.¹³ Skipulag þetta var augljóslega mótað af hugmyndafræði kaþólsku kirkjunnar. Það endurspeglar trúarlegar hugmyndir um lokaðan heim klaustursins, þar sem vistarverum var skipað niður í vissa röð sem þó gat verið mismunandi eftir einstökum klaustrum og klausturreglum. Engin tvö klaustur eru þess vegna eins. Í þeim öllum koma fram meiri og minni frávik frá meginreglunni.

Sameiginlegt með klaustrunum er að byggingarnar mynduðu ferhyrndan ramma um klausturgarð. Klausturkirkjan myndaði eina hlið þessa ferhyrnings og klausturhúsin síðan vinkil út frá kirkjunni. Rammanum utan um klausturgarðinn var síðan lokað með útihúsum. Vistarverum klaustursins var einnig raðað niður innan þessa ramma eftir fastri reglu. Svefnskáli - *dormitorium* - var næstur kirkju, því nauðsynlegt var fyrir reglubræður að hafa beinan aðgang að kirkjunni til bænahalds oft á sólarhring án þessa að fara undir bert loft. Oft var þó fundaherbergi reglubræðranna - *kapituli* - staðsett á milli svefnskála og kirkju. Í álmunni samsíða kirkjunni var svo hitunarhús - *califactorium* - sem var upphitað vinnuherbergi. Þá kom matsalur og svo eldhús. Aðalinngangurinn í klaustrið var á milli eldhúss og matsalar en þar gátu umkomulausir leitað skjóls og fengið mat. Inngangur reglubræðra var hins vegar venjulega í gegnum kirkjuna. Útihús með geymslum og peningshúsum lokuðu síðan rammanum. Í miðri klausturþyrpingunni var loks garður með brunni sem tákna átti uppsprettu lífsins. Klausturgarðurinn var jafnan nýttur sem sameiginlegt rými næðis, íhugunar og bæna fyrir íbúa klaustursins, auk þess sem þar var oft jarðsett. Utan við klausturhúsaþyrpinguna fór ýmis konar

ræktun fram. Þar stóðu einnig aðrar tengdar byggingar eins og skóli, gestahús og kofar próventufólks án þess að það fylgdi föstum reglum.¹⁴



Mynd 4. Grunnform Skriðuklausturs

2008 (teikning: Ragnheiður Gló

Gylfadóttir og Margrét Valmundsdóttir).

Klaustrið á Skriðu

Augljóst er að við húsaskipan og röðun herbergja í Skriðuklaustri hefur verið tekið mið af hugmyndum kaþólsku kirkjunnar um lokaðan heim klaustranna líkt og greint var frá hér að framan. Það er niðurstaða fornleifarannsóknarinnar fram til þessa. Klausturkirkjan myndaði þar eina hlið þessa lokaða heims og klausturhúsin síðan vinkla út frá henni í tveimur álmum. Í fjórðu álmunni voru útihúsin (mynd 4).

Á Skriðuklaustri stendur klausturkirkjan syðst í klausturhúsaþyrpingunni og klausturgarðurinn norðan við hana. Kirkjan hefur verið 8 metra breið og 17 metra löng. Hún skiptist í kór, miðskip og framkirkju. Kapella hefur verið áföst kirkjunni

¹² Kristján Valur Ingólfsson, 2008, bls. 47; Samson B. Harðarson, 2008, bls. 101; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 2008, bls. 59.

¹³ Ítarlegustu heimildina um St. Gallen grunnformið er að finna í Horn og Born 1979. Sjá má grunnformið í grein Kristjáns Mímissonar og Bjarna F. Einarssonar í þessu riti.

¹⁴ Horn og Born, 1979; Kristján Valur Ingólfsson, 2008, bls. 41–42; Samson B. Harðarson, 2008, bls. 102–105; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 2008, bls. 52–55.

sjálfri, í einskonar viðbyggingu sem náði inn í klausturgarðinn. Svefnskálinn var næstur henni að vestanverðu. Við enda svefnskálans var baðhús en í því fundust tveir seyðar. Það sést greinilega í norðvesturhorni rústanna. Þessi tvö hús mynduðu þannig álmu þvert á kirkjuna. Út frá norðvesturhorni klaustursins lá önnur álma í austur. Þar hefur fundaherbergi reglubræðra verið. Þar við hliðina var matsalur og eldhús. Milli matsalar og eldhúss hefur aðalinngangurinn í klaustrið legið en gera má annars ráð fyrir að inngangur reglubræðranna hafi legið um kirkjuna. Herbergin í þessari álmu mynduðu tvöfalda röð. Innan við matsalinn og eldhúsið var grafið upp herbergi með ofni og hillu sem var hlaðin úr grjóthellum. Líklega hefur herbergið verið stofa þríforsins. Við hlið þess var herbergi á tveimur hæðum en tröppur liggja að því. Annað þessara herbergja getur hafa verið sjúkrastofa, vegna þeirra læknisáhalda sem þar hafa fundist. Austast í þessari álmu og fjærst kirkjunni hafa síðan peningshúsin staðið. Liggja þau í suður frá norðausturhorni byggingarinnar. Fyrir miðri klausturbyggingunni, sunnan við klausturhúsin og norðan kirkju, var loks klausturgarðurinn. Innan hans var ferningslaga brunnur sem hafði verið fóðraður neðst að innan með timbri. Efst var hann hlaðinn úr grjóti. Hafði hann verið fylltur af mól og grjóti þegar hann fannst.

Greiningar skordýraleifa styðja við þær niðurstöður sem hér hafa verið lagðar fram um túlkun þeirra rýma sem grafin hafa verið fram úr rústum Skriðuklausturs. Hlutfallslega mest hefur fundist af dýrabeinum í eldhúsi og matsal, en einnig í innganginum í klaustrið. Þarna hafa fundist leifar skordýra sem leita í rotnandi matarleifar hverskonar. Skordýr sem tengjast húsdýrahaldi hafa hins vegar fundist í talsverðu magni í hugsanlegum peningshúsum austast í klausturhúsaþyrpingunni. Aðallega hafa þar fundist leifar kindabjallna sem fylgja gjarnan sauðfé. Í rýmum sem tengjast eingöngu íveru manna, s.s. ábótastofu og sjúkrastofu, hafa einungis verið greind skordýr sem manneskjur bera með sér. Eru það einkum lýs og flær.¹⁵

Algengast var að klausturhús stæðu sunnan við kirkju en á Skriðuklaustri er því öfugt farið. Það er þó ekkert einsdæmi. Á norðlægari slóðum hafa klaustur nefnilega oft annað áttahorf en þau sem standa landfræðilega sunnar, þó svo að uppröðun herbergja sé í grunninn sú sama. Ástæður þessa geta verið ýmsar og vitna um aðlögun þeirra að umhverfi sínu á hverjum stað fyrir sig. Lögun og gerð klausturkirkjunnar á Skriðuklaustri viku auk þess að nokkru frá hinu hefðbundna skipulagi klausturbygginga. Hún hefur verið styttri en aðrar sambærilegar kirkjur í klaustrum erlendis en álíka breið. Einnig er hún byggð örlítið á ská miðað við klausturhúsin sjálf.

Verið getur að við byggingu yngri kirkjunnar um miðja 17. öld hafi grunnmynd klausturkirkjunnar raskast það mikið að ómögulegt sé lengur að greina upprunalegar útlínur hennar. Ljóst er að framkirkjan hefur þá verið rifin og kirkjan stytt. Ennfremur hefur verið jarðað þétt allt í kringum hana eftir að klausturtíma lauk og hefur það augljóslega aukið raskið sem varð á útlínunum hennar. Loks er hugsanlegt að ekki hafi tekist að ljúka við byggingu klausturkirkjunnar í fyrirhugaðri stærð á klausturtíma og að klaustrið hafi verið lagt af áður en nægilegu fjármagni hafði verið safnað fyrir endanlega byggingu hennar.

Rétt er að geta þess að klausturkirkjan var ekki vígð fyrr en 1512, tæpum tveimur áratugum eftir að klaustrið var stofnað, en klausturhald leið síðan undir lok um 40 árum síðar. Af varðveittum skjölum kemur fram að árið eftir vígslu kirkjunnar hafi Þorvarður príor Helgason gert mikil jarðakaup sem hann skuldbatt sig til að greiða í lausafé á tæpum tveimur árum.¹⁶ Hvort kaupin hafi haft áhrif á byggingu kirkjunnar er látið ósagt en þau hljóta engu að síður að hafa haft áhrif á efnahag klaustursins og getu til þess að standa í frekari húsbyggingum.



Mynd 5. Einkenni sárasóttar hafa verið greind á nokkrum beinagrindanna frá Skriðuklaustri. Sjá má sýkingu í kinnbeini hausúpunnar (mynd: Skriðuklaustursrannsóknir).

Starfsemin í Skriðuklaustri

Húsin á Skriðuklaustri hafa ekki aðeins borið svipmót þess sem var í öðrum klausturum innan hins kaþólska heims. Sjálf starfsemin innan veggja klaustursins hefur einnig verið sambærileg því sem þekktist annars staðar. Við uppgröftinn hafa innan sem utan húsaþyrpingarinnar verið opnaðar grafir fjölda einstaklinga sem flestir þjáðust í lifanda lífi vegna ýmis konar áverka, kvilla og sjúkdóma. Er þar helst að nefna beinbrot af ýmsu tagi, tannigerðir, eyrnabólgu og meðfædda fötlun, auk landlægra sjúkdóma og pesta þessa tíma á borð við sárasótt, berkla, skyrbjúg, sullaveiki og lungnabólgu (mynd 5).¹⁷

¹⁵ Hrönn Konráðsdóttir, 2008, bls. 7–10.

¹⁶ Heimir Steinsson, 1966, bls. 101; Skúli Björn Gunnarsson, 2008, bls. 16.

¹⁷ Sjá Guðný Zoëga, 2007, 2008; Pacciani, 2006, 2007.

Kvillar þessir og sjúkdómseinkenni á beinagrindunum benda til þess að spítali af einhverju tagi hafi verið rekinn í klaustrinu, líkt og gjarnan var gert í klaustrum í öðrum löndum.¹⁸ Þessu til staðfestingar hafa við uppgröftinn fundist sautján áhöld til lækninga, auk þess sem frjókornagreiningar sýna fram á að þar hafi verið ræktaðar lækningajurtir, samhliða annarri garðrækt. Læknisáhöldin eru einkum bíldar, skurðarhnífar og þrjónar sem notaðir voru til að loka sárum og skurðum.¹⁹ Einn lyfjabaukur úr leir hefur einnig fundist og tvö lyfjaglös úr gleri.



Mynd 6. Reiknimynt, skreytt frönskum
sverðliljum, fannst nyrst í byggingu
Skriðuklausturs. Reiknimyntir voru
m.a. notaðar til þess að reikna út
tíundagreiðslur (mynd: Skriðuklausturs-
rannsóknir).

Þrjár innfluttar jurtategundir hafa verið ræktaðar á klausturtímanum, ef marka má niðurstöður frjókornagreininganna sem gerðar voru á jarðvegssýnum af rannsóknarsvæðinu. Þessar tegundir eru brenninetla, græðisúra og villilaukur. Frjókorn tíu annarra tegunda, sem þekkt er að hafi verið nýttar til lækninga og tilheyra íslenskri flóru, voru jafnframt greind úr sýnunum. Vel má vera að þessar jurtir hafi verið nýttar til lækninga á Skriðuklaustri.²⁰

Sameiginlega benda þessir fundir allir til að bæði hand- og lyflækningar hafi verið stundaðar á staðnum, samhliða greftrun, garðrækt og hefðbundnum rekstri klaustursins.²¹ Skriðuklaustur hefur þess vegna uppfyllt flest þau skilyrði sem klaustrum voru sett alþjóðlega af kaþólsku kirkjunni og tóku byggingar þess og innri starfsemi augljóslega mið af því. Spítalareksturinn bendir einnig til afskipta kirkjunnar af samfélagsmálum á Íslandi fyrir siðaskipti.

Við rannsóknir sínar gerði sr. Heimir Steinsson allnákvæma grein fyrir efna-
hag Skriðuklausturs. Hann byggði útreikningana á rituðum heimildum, sem til eru

varðveittar um viðskipti þess. Voru þau talsverð. Niðurstöður Heimis koma heim og saman við það sem uppgröfturinn hefur leitt í ljós um samfélagsþjónustu klaustursins. Samkvæmt bréfum koma nær 70 jarðir við sögu í viðskiptum Skriðuklausturs á starfstíma þess og fékk það væntanlega af þeim tekjur. Flestar voru þær staðsettar á Fljótshéraði en einnig á fjörðunum. Jarðirnar voru margar gefnar klaustrinu eða komust í eigu þess við jarðaskipti og kaup.²² Leiguliðar á jörðum klaustursins hafa auk þess greitt því landskuld og búfjárleigu. Við þetta bættust tekjur vegna sálugjafa, próventu, legkaupa og áheita (mynd 6).²³

Miðað við efnahagsreikning Heimis mátti framfleyta 11–12 karlmönnum af tekjum klaustursins, samkvæmt viðmiðum Jónsbókar um framfærslu.²⁴ Kjötmetið hefur auk þessa að mestu fengist af þeim búpeningi sem alinn var á staðnum eða nálægum eignarjörðum klaustursins. Selkjöt og sjávarfiskur hefur að öllum líkindum borist íbúum klaustursins sem leigugjöld, gjafir eða próventa víða að á Austurlandi. Sá tekjustofn hefur verið nokkuð drjúgur. Rekaviðurinn sem nýttur var til byggingarinnar, sem og smíði þeirra kistna sem fundist hafa á staðnum, hefur verið fluttur inn í Fljótshéraði af Héraðssandi þar sem klaustrið átti reka.²⁵

Lífið í Skriðuklaustri

Kapólsku klaustrin voru afmarkaður heimur þeirra sem kusu að gefa sig almættinu á vald. Fólk leitaði í klaustur til að lifa lífinu án veraldlegra gæða; til að fá bót líkamlegra eða andlegra meina sinna; til að eiga athvarf í ellinni og deyja; eða jafnvel til þess eins að bæta fyrir syndir sínar gagnvart Guði og mönnum. Um leið voru þau heimili manna og miðstöðvar þekkingar á sviði kristinnar menntunar, lækninga og garðyrkju. Húsakostur þeirra miðaðist við þetta.

Fornleifarnar eru hljóðnað form umsvifa klausturlífs á Skriðu. Þó má með hliðsjón af rannsóknum á starfsemi klaustra almennt, svo og þeim gögnum sem grafin hafa verið upp á staðnum, skyggjast enn frekar inn í þessa alþjóðlegu veröld kapólskrar kirkju sem náði tímabundið að skjóta rótum og aðlagast lífinu í íslenskum dal á miðöldum.

Líkt og áður hefur komið fram þá voru klaustur stofnanir sem reknar voru eftir fastmótuðum hugmyndum klausturreglanna, jafnt innra sem ytra. Á Skriðuklaustri hefur verið reisuleg húsapýrping um 1300 fermetrar að grunnfleti. Hún hefur verið tveggja hæða að hluta. Hús klaustursins hafa þess vegna án efa verið áberandi í landslaginu. Þau voru einkum byggð úr torfi, grjóti og rekaviði en þó með myndskreyttum glergluggum. Á einu þeirra skreyttu brota sem fundist hafa má sjá mannsandlit sem horfir í átt að geislum sem að líkindum stafa frá heilagri veru, t.d. Maríu mey.²⁶

Lýsing innandyra í klausturbyggingunni hefur að öðru leyti komið frá heimasmiðuðum kolum og kertapípum úr járn. Margir aðrir gripir, einkum í kirkju, hafa aftur á móti verið innfluttir. Í rústunum fannst líkneski af heilagri Barböru en það var framleitt í Utrecht í Hollandi á 15. öld.²⁷ Það var brotið þegar það fannst en sambærileg líkneski, sem aðeins eru til varðveitt erlendis, eru um 35 cm á hæð.

¹⁸ Jón Ólafur Ísberg, 2005, bls. 67.

¹⁹ Frölich, 2008.

²⁰ Samson B. Harðarson, 2008, bls. 109.

²¹ Steinunn Kristjánsdóttir, 2006, bls. 558–561.

²² Heimir Steinsson, 1966.

²³ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 2008, bls. 58–59;

Þórir Stephensen, 2008, bls. 63–67.

²⁴ Heimir Steinsson, 1966, bls. 99–100.

²⁵ Gunnar F. Guðmundsson, 2000; Gilchrist og Sloane, 2005.

²⁶ Mynd af brotinu er birt í grein Grahams Langford, Hallóru Ásgeirsdóttur og Nathalie Jacquemet í þessu riti.

²⁷ Þóra Kristjánsdóttir, 2008, bls. 148–149.



Mynd 7. Líkneski af heilagri Barböru.

Graham Langford forvörður annaðist

endurgerð þess (mynd: Jónas

Hallgrímsson).

Barbara stendur þar á skreyttum stelli með bók í annarri hendi en turn í hinni. Líkneskið var gert úr leir og greina má fingraför á innanverðum brotunum eftir þann sem mótaði það (mynd 7).

Sleifar og hnífsköft hafa einkum verið gerð úr beinum og hornum. Hnífarnir sjálfir hafa verið gerðir úr járni en yfir 40 matarhnífar hafa fundist. Einnig hafa nokkrar sleggjur úr innlendu grjóti verið grafnar upp. Af annarri innlendri smíð má nefna nagla, lása og lykla. Ílát voru aðallega úr innfluttum leir. Brot úr þrífættum



leirpottum hafa fundist, auk leirílata undan mat og drykk. Flest þeirra voru flutt inn frá Suður-Skandinavíu, Þýskalandi og Hollandi. Algenzt er að finna innflutt ílát úr leir frá þessum stöðum við fornleifarannsóknir hérlendis. Á Skriðuklaustri fundust þó einnig brot af leiríláti sem framleitt var í Frakklandi en tegundin hefur ekki fundist áður á Íslandi.²⁸

Áberandi í miðri klausturhúsaþyrpingunni var svo klausturgarðurinn, tákn Paradísar, og í honum var brunnurinn sem vitnaði um uppsprettu lífsins.²⁹ Ekki er víst að hann hafi staðið þar til vatnsnotkunar. Þeir sem sáust annars helst á ferli daglega í klaustrinu voru reglubræðurnir, klæddir hvítum skósiðum kuflum, auk pílagríma, próventufólks, sjúklinga og kjölturakka en bein tveggja smáhunda hafa verið greind úr dýrabeinasafni uppgraftarins.³⁰ Hafa þeir væntanlega yljað klausturbúum á köldum vetrarkvöldum.

Hugsanlegt er að hægt hafi verið að sjá menn sitja við tafl í matsal klaustursins, ef marka má taflmann sem fannst á staðnum. Hann fannst í úrgangsleifum í innganginum við hlið matsalarins. Elstu heimildir um skáklistina eru frá 6. öld e. Kr. og voru til ýmis afbrigði af henni allt fram á síðari hluta 19. aldar. Talið er að kirkjunnar menn hafi flutt nútímaskák hingað til lands á fyrstu öldum kristni. Algenzt var að teflt væri á biskupsstólunum og líklega einnig í klaustrunum. Erlendis finnast taflmenn oft í klausturrústum.³¹ Eins hafa við uppgröftinn fundist tveir teningar og ein kotra. Hvort tveggja hefur verið þekkt jafn lengi og skákin.³² Íbúar Skriðuklausturs hafa þess vegna haft sitthvað sér til dægrastyttingar, annað en að iðja og biðja (mynd 8).

Mynd 8. Taflmaður, kotra og teningar frá Skriðuklaustri (mynd: Jónas Hallgrímsson).

²⁸ Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2005, bls. 70.

²⁹ Samson B. Harðarson, 2008, bls. 105.

³⁰ Albína Hulda Pálsdóttir, 2006, bls. 26; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 2008, bls. 53.

³¹ Jón Torfason, 1988, bls. 14; Jón P. Þór, 2001.

³² Jón Torfason, 1989, bls. 7.

Mynd 9. Leðurkápa af einni af þeim þremur bókum sem fundust í jafnmörgum gröfum á Skriðuklaustri. Kápan er skreytt með býsönsku munstri (mynd: Jónas Hallgrímsson).



Á borðum hefur verið ilmandi kjötmeti af nautgripum, sauðfé og sel, sem og fiskur úr sjó og vötnum en greind hafa verið bein úr þorski, silungi og laxi úr rústum Skriðuklausturs.³³ Auk matarilmsins hefur annars konar ilmur líklega borist frá hugsanlegri lyfjagerð á staðnum, svo og þeim jurtum sem nýttar voru til matargerðar. Fyrir utan lykt af manneskjum, hundum og öðrum húsdýrum, hefur reykjalykt væntanlega verið nokkur úr þeim eldstæðum sem opin voru innan byggingarinnar. Jafnframt má gera ráð fyrir að megn nálykt hafi verið á staðnum, jafnvel innan klausturbyggingarinnar, vegna þess að jarðsett var ekki aðeins í kirkjugarðinum, heldur einnig í klausturgarðinum og kirkjunni sjálfri. Til eru frásagnir um megn nálykt í kirkjum miðalda á heitum sumardögum en algengt var að jarðsett væri í gólfum þeirra.

Í kirkjunni á Skriðuklaustri fundust grafir sjö einstaklinga. Einn þeirra var sex mánaða gamall fyrirburi sem grafinn hafði verið í kistu undir gólfi miðskipsins. Tvö önnur börn, bæði innan við 10 ára gömul, voru sömuleiðis jörðuð innan kirkjunnar. Fjórir fullorðnir einstaklingar, þar af ein kona, voru jarðaðir í kór hennar. Þrjú þeirra fullorðnu höfðu verið jörðuð með bækur á brjósti. Bækurnar, líklega sálmabækur,

voru klæddar í leðurkápur sem voru skreyttar með býsönsku munstri (mynd 9). Ein þessara grafa, sem fundust inni í kirkjunni, bar af öðrum. Í henni hafði karlmaður á miðjum aldri verið jarðaður í skósiðum kuflum sem var ofinn úr ull með þráðum úr bronsi. Bein sýkra einstaklinga hafa einkum fundist í klausturgarðinum sjálfum en dánarorsök þeirra sem hlutu leg innandyra er óljós.



Mynd 10. Gullhringur. Fannst í gröf við kór kirkjunnar á Skriðuklaustri (mynd: Jónas Hallgrímsson).

Lokaorð

Í greininni hefur verið skyggst inn í líf íbúa Skriðuklausturs í Fljótsdal í gegnum leifar sem þar hafa verið grafnar fram. Klausturhúsaþyrpingin þar var byggð samkvæmt sömu hugmyndafræði og önnur klaustur. Hún var húsaskjól yfir kanúka, píligríma, próventufólk, sjúka og umkomulausa en auk þess minnismarki og tákn fyrir heimsmynd kaþólsku kirkjunnar, stofnunar sem tók sér bólfestu í íslensku samfélagi miðalda.

Bygging og starfsemi Skriðuklausturs bendir til þess að einangrun Íslands hafi verið minni en oft hefur verið talið. Innfluttu gripirnir eru auk þess til vitnis um það. Ennfremur herjuðu smitsjúkdómar á borð við sárasótt augljóslega á Íslendinga jafnt sem aðra Evrópubúa á miðöldum. Þetta sést af beinaleifum á Skriðuklaustri en smitsjúkdómar eru traustur vitnisburður um náin samskipti fólks. Um leið undirstríkar fundur þeirra hlutverk klaustranna sem líknar- og sjúkrastofnana þessa tíma.

Í Skriðuklaustri birtist alþjóðleg heimsmynd sem kaþólska kirkjan skapaði; alþjóðleg menning sem engu að síður þreifst í íslenskum dal á 16. öld. Engin tvö klaustur litu þó nákvæmlega eins út né voru þau rekin með sama hætti. Þar gætti

³³ Albína Hulda Pálsdóttir, 2006, bls. 10, 13.

mismunandi viðhorfa og aðstæðna. Þau urðu hins vegar að uppfylla ákveðin skilyrði um húsakost og aðstöðu til þess að geta staðið undir nafni og sinnt hlutverkum sínum, óháð byggingarefni, tíma eða landfræðilegri staðsetningu. Minjarnar, sem klausturbúarnir skildu eftir sig, voru þess vegna í senn alþjóðlegar og innlendar. Þær endurspeglar ekki síður hvernig hægt var að aðlaga félagslega og menningarlega heimsmynd kaþólsku kirkjunnar að íslenskri náttúru og samfélagi miðalda.

Heimildir

- Albína Hulda Pálsdóttir. (2006). *Archaeofauna from Skriðuklaustur, East Iceland*. [Skýrsla]. New York: CUNY.
- Bruun, D. (1974). Við norðurbrún Vatnajökuls. Rannsóknir á Austurlandi sumarið 1901. [Sigurður Ó. Páls-son þýddi]. *Múlaþing* 7, bls. 159–195.
- Fornleifaskrá. *Skrá um friðlýstar fornleifar* (1990). Ágúst Ólafur Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifa- nefnd og Þjóðminjasafn Íslands.
- Frölich, A. (2008). *Skriðuklaustur – surgical artefacts*. [Skýrsla]. Kaupmannahöfn: Höfundur.
- Gilchrist, R. og Sloane, B. (2005). *Requiem. The Medieval Monastic Cemetery in Britain*. London: Museum of London Archaeological Service.
- Guðný Zoëga. (2007). *Formmeinafræðileg rannsókn á fimm beinagrindum úr klausturgarðinum á Skriðu*. No. 23, 29, 30, 33 og 43. Rannsóknarskýrslur 2007/61 [Skýrsla]. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.
- Guðný Zoëga. (2008). Sjúkdómar á miðöldum. Í Hrafnkell Lárússon og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 133–140. Rit Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.
- Gunnar F. Guðmundsson. (2000). Íslenskt samfélag og Rómakirkja. Í Hjalti Hugason (ritstj.), *Kristni á Íslandi II*, bls. 212–246. Reykjavík: Alþingi.
- Heimir Steinsson. (1965). *Saga munklifis að Skriðu*. Óútgefið. Sérefnisritgerð til embættisprófs í guðfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Heimir Steinsson. (1966). Jarðir Skriðuklausturs og efnahagur. *Múlaþing* 1: 74–103.
- Horn, W. og Born, E. (1979). *The Plan of St. Gall: A Study of the Architecture & Economy of, & Life in a Paradigmatic Carolingian Monastery*. California Studies of History of Art 19. Þrjú bindi. London, Los Angeles, Berkeley: University of California Press.
- Hrönn Konráðsdóttir. (2008). *An Archaeoentomological Research of Skriðuklaustur Samples I*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XX. [Skýrsla]. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- Jón Ólafur Ísberg. (2005). *Líf og lækningar. Íslensk heilbrigðissaga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón Torfason. (1988, 3. september). Skákin berst til Íslands. Þættir úr sögu skáklistarinnar. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 14.
- Jón Torfason. (1989, 22. apríl). Skák á 19. öld. Þættir úr sögu skáklistarinnar. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 7.
- Jón P. Þór. (2001). *Skák í hundrað ár: saga Taflfélags Akureyrar og Skákfélags Akureyrar*. Akureyri: Skákfélag Akureyrar.
- Kristján Valur Ingólfsson. (2008). Daglegt líf í klaustri. Í Hrafnkell Lárússon og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 41–50. Rit Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.
- Magnús Sigurgeirsson. (2003). *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002. Gjóskulagagreining*. [Greinargerð]. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna II. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- Margrét Gestsdóttir. (2008). Cecilia Þorsteinsdóttir. Í Hrafnkell Lárússon og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 31–40. Rit Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.
- Margrét Hallgrímsdóttir. (1993). *Húsakostur Viðeyjarklausturs*. MA ritgerð í sagnfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Pacciani, E. (2006). *Anthropological description of skeletons from graves no. 4, 62, 63, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur Friary*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XIV [Skýrsla]. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- Pacciani, E. (2007). *Anthropological description of skeletons from graves no. 5, 17, 27, 34, 54, 74, 75 and 80 at Skriðuklaustur Friary*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XVIII. [Skýrsla]. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2006). *Skriðuklaustur í Fljótsdal. Leirker*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna X. [Skýrsla]. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- Samson B. Harðarson. (2008). Klausturgarðar á Íslandi. Í Hrafnkell Lárússon og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 101–112. Rit Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.
- Skúli Björn Gunnarsson. (2008). Stofnun og endalok Skriðuklausturs. Í Hrafnkell Lárússon og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 13–19. Rit Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.

- Steinunn Kristjánsdóttir. (1994). Klaustureyjan á Sundum. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1993, bls. 29–52.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2006). Lækningar í Ágústínusarklaustrinu á Skriðu. *Læknablaðið* 7–8, 92: 558–561.
- Vilborg Auður Ísleifsdóttir. (2008). Samfélagshlutverk Skriðuklausturs. Í Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 51–62. Rit. Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.
- Póra Kristjánsdóttir. (2008). Gripir klausturkirkjunnar að Skriðu. Í Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 141–152. Rit. Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.
- Pórir Stephensen. (2008). Próventa í miðaldaklaustrum á Íslandi. Í Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*, bls. 93–100. Rit. Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.